

Ár 1980, föstudaginn 5. desember, var í málínu nr. 15/1980
kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ó u r :

Málavextir eru þeir, að ágreiningur hefur risið milli mennta-
málaráðuneytisins annars vegar og sveitarsjóðs Fellsstrandarhrepps
í Dalasýslu hins vegar um skyldu ríkissjóðs til að svara fasteigna-
skatti af kennarabústað og skólastjórabústað að Staðarfelli í Dala-
sýslu. Hefur oddviti Fellsstrandarhrepps óskað eftir úrskurði
nefndarinnar í máli þessu.

Skýra verður svo 2. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna
sveitarfélaga og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteigna-
skatt, að skólahúsnaði njóti eigi undanþágu frá fasteignaskatti, að
því leyti sem það er notað til íbúðar fyrir starfsfólk, annað en hús-
verði. Samkvæmt þessu ber ríkisssjóði að svara fasteignaskatti af
umræddum kennarabústað og skólastjórabústað.


Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Ríkissjóði er skilt að svara sveitarsjóði Fellsstrandarhrepps
fasteignaskatti af ofangreindum skólastjórabústað og kennarabústað
að Staðarfelli í Dalasýslu.



Gaukur Jörundsson

Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon

Réttu útskrift staðfestir:

FASTEIGNAMAT RÍKISINS
